

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014, tenging Miðfjarðarvegur við hringveg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. september 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014, frá 9. júlí 2002.

Breytingin felst í því að tengivegur (Miðfjarðarvegur) færist til vesturs á kafla frá Árnosi á Laugarbakka að hringvegi 1. Jafnframt breytist landnotkun á aðliggjandi svæðum í þéttbýlinu. Reitur (A1) breytist úr blönduðu verslunar- og þjónustusvæði og athafnasvæði í svæði til sérstakra nota auk þess sem svæðið stækkar að helgunarsvæði nýja tengivegarins, fellt er niður verslunar- og þjónustusvæði (V2) vestan tengivegarins og reitur (A2) umhverfis tengihús Símans/Mílu minnkaður.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 12. september 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.